

hefur dómsmálastjórnin eigi getað veitt útgjörðarmanni skipsins meiri borgun, en 30 rd. fyrir flutning þeirra.

1859.
13. desemb.

Þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að tilkynna sýslumanni þeim, er hlut á að máli, og minna hann um leið á, að þegar slíkt kemur fyrir í annað skipti, eigi hann að fara eptir ákvörðunum þeim, sem að ofan er á vikið.

56. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins á Íslandi, um leyfi til að byggja kirkju á Hólsfjöllum eða Neðrifjöllum í Þingeyjarsýslu. 24. desemb.

Samkvæmt því, sem þér ræddu til í bréfum yðar, dags. 14. marz og 3. ágúst þ. á., þóknaðist Hans Hátign konunginum 24. október þ. á., eptir þegnlegri uppástungu stjórnarráðsins, að samþykkja:

1. að bændunum á Hólsfjöllum eða Neðrifjöllum í Þingeyjarsýslu sé leyft, á einhverri jörð sinni, sem biskupinn þar til velur, á eigin kostnað að byggja kirkju með umgirtum greptrunarreit, og skulu þeir allir í sameiningu skyldir til að halda kirkjunni við, og að útvega messuskrúða og önnur áhöld, er kirkjan þarf með.

2. að kirkja þessi fyrst um sinn verði lögð undir Skinnastaða prestakall sem útkirkja, upp frá því, að hún með tilheyrandi kirkjugarði er á þann hátt fullgjör, að hún við löglega skoðunargjörð geti álitizt að fullnægja þeim kröfum, er gjöra ber til slíks húss; og skal prestinum á Skinnastöðum gjört að skyldu, meðan kirkja þessi er talin til þess prestakalls, að messa þar að minnsta kosti fimmta hvern helgan dag á sumrin, og einu sinni eða tvisvar á veturna; þó skal biskupinn á Íslandi hafa rétt til að gjöra þá breytingu á þessu, að þar verði messað fjórða hvern helgan dag á sumrin.

3. að kirkjan fái legkaupin fyrir þá, sem þar eru jarðaðir; en hrökkvi tekjur þessar ekki til að lýsa kirkjuna og fyrir brauð og vín, þá skal leyft að taka það, sem til vantar, af tekjum Skinnastaða kirkju, þó svo, að aldrei sé af þeim tekið meira en

1859. 3 dalir á ári, og að kirkja þessi að öðru leyti ekkert missi af
24. desemb. tekjum þeim, sem henni bera að lögum af jörðum þessum og ábúendum þeirra.

Þetta látum vör yður, háæruverðugi herra, vita, yður til leiðbeiningar og til frekari auglýsingar fyrir hlutaðeigendum.

31. desemb. **57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um styrk handa íslenskum læknaefnum við háskólann í Kaupmannahöfn.**

Kirkju- og kennslustjórnin hefur með bréfi, dags. 9. þ. m., sent hingað nýtt álitsskjal frá ölmusuráðinu, sem háskólaráðið þegar hefur fallið á, um það, hvernig verja skuli þeim 800 dölum á ári, er fyrst um sinn skulu teknir úr ölmusúsjóð háskólans og skipt í fjórar 200 dala ölmusur, handa íslenskum stúdentum, sem eru að búa sig undir embættispróf lækna hér við háskólann, og skyldu þeir fyrst fá styrk þenna eptir að „regenz“-tími þeirra er liðinn, og með þeim skilmálum, sem nákvæmar eru tilteknir í álitsskjalinu.

Kirkju- og kennslustjórnin hefur um leið getið þess, að hún væri fús til, með þeim skilmálum og reglum, sem háskólaráðið nákvæmar hafði tiltekið, um það, hvernig verja skyldi fêstyrk þessum, að koma því til leiðar, að fê þetta verði veitt á ríkisþinginu, með því að gjöra um það breytingaratkvæði til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1881, og enn fremur leitað álits dómsmálastjórnarinnar um þann hluta málsins, sem hér ræðir um.

Um leið og dómsmálastjórnin að fullu viðurkennir, hvað vel bæði háskólaráðið og kirkju- og kennslustjórnin hafa tekið undir mál þetta, álitur hún sér þó skylt, að benda stjórnaráðinu á, að eins og uppástungan nú er löguð, getur það opt komið fyrir, að styrkur þessi verði ekki, eða að minnsta kosti ekki að fullu notaður, því það verður varla gjört ráð fyrir, að ætíð verði 4 stúdentar, sem í einu haldi áfram lærdómsiðkunum sínum, eptir að regenz-tími þeirra er liðinn. Dómsmálastjórnin